



Hvernig skal gæta höfundaréttar á netinu?

Hver er höfundur og hvað er verndað hugverk?

- **Höfundur** er sá sem skapar verk er nýtur verndar samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972.
- Sköpun er sérstök andleg iðja sem fullnægja verður vissum lágmarksskilyrðum varðandi frumleika og afrakstur sköpunarinnar er **verk**. Verkið verður að vera frumverk og ekki byggt á verkum annarra.
- **Vernduð hugverk** sem teljast til **myndverka** eru til dæmis: ljósmyndir, grafísk hönnun, heimasíðuhönnun, margmiðlunarhönnun, teikningar, gagnagrunnar, uppdrættir og önnur sjónlist.

Hvað er höfundaréttur?

- Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á **eignarrétt** á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.
- **Einkaréttur** - Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum – fjárhagslegur réttur höfundar.
- **Sæmdaréttur** - Geta þarf nafns höfundar og er óheimilt að breyta verki höfundar, þannig að skert geti höfundaheiður hans eða höfundasérkenni – ófjárhagslegur réttur höfundar – óframseljanlegur
- **Höfundaréttur** helst í 70 ár frá andláti höfundar.

Nokkrar tegundir höfundaréttar:

- Ljósmyndavernd, 49. gr. - Ef ljósmynd telst **ekki** uppfylla skilyrði laganna, þá getur verið þó hlotið svokallaða ljósmyndavernd í lögunum, en slík vernd helst í 50 ár eftir að ljósmynd er tekin, og bannar eftirgerð þeirra eða notkun nema með heimild ljósmyndara.
- Skiptur höfundaréttur, 7. gr. - Þar sem framlag má greina frá hvoru öðru - til dæmis ljósmyndskreytt bókverk. DÆMI: **Árbækur Ferðafélags Íslands, ljósmyndari árið 2015: Daníel Bergmann, textahöfundar: ýmsir.**



Nokkrar tegundir höfundaréttar (frh):

- Sameiginlegur höfundaréttur, 7. gr. - þar sem framlag listamannanna verður ekki greint frá hvoru öðru – til dæmis myndlist ofan á ljósmynd. DÆMI: **Spiritual Landscapes, eftir Maríu Kjartasdóttur (ljósmyndara) og Hörpu Einarsdóttur (myndlistarkonu)**




Nokkrar tegundir höfundaréttar (frh):

- Aðlaganir, 5. gr. - frumverk notað við gerð nýs verks. Mörkin á milli þess hvort frumverk sé innblástur við sköpun nýs verks eða hrein og bein eintakagerð eru óljós. Hér þarf einnig sérstaklega að gæta að sæmdarrétti. DÆMI: **Verk á sýningunni „Koddu“ í Nýlistasafni Íslands. Frumverkið „Flóra Íslands“ eftir Eggert Pétursson og Ágúst Bjarnason. Nýja verkið „Fallegasta bók í heimi“ eftir Ásmund Ásmundsson, Tinnu Grétarsdóttur og Hannes Lárusson.**



Nokkrar tegundir höfundaréttar (frh)- Almennur höfundaréttur

- creative commons. Sjá reglur hér: <http://creativecommons.is/>. DÆMI sumar ljósmyndir á flickr



Hvers vegna eru þessir hagsmunir verndaðir?

- **Þetta er eign** – hugverk – afkomuréttur ljósmyndara
- **Að baki hugverkinu liggur ákveðið framlag og vinna og verðleiki** – fjárhagsleg réttindi
- **Að baki hugverkinu liggur ákveðið sérkenni** – ófjárhagsleg réttindi
- **Opinber vettvangur** – um leið og verk er birt opinberlega getur annar en ljósmyndari **notið** verksins. Það þýðir þó ekki að sá hinn sami geti **notað** verkið. Við opinbera birtingu kviknar á reglum höfundaréttar er varðar fjárhagslegan rétt listamanna. Eftir að verk er birt opinberlega sérstaklega að huga að reglum höfundaréttar.
- **Dreifing** – því meira sem verk dreifist því meira þarf að vernda verkið.
- **Fjárhagslegur ávinningur** – eiga aðrir að hagnast fjárhaglega á þinni sköpun?
- **Stjórnarskárvarin mannréttindi** - Jafnræði og atvinnufrelsi þarf að vernda.
- **1. des skýrslan frá 2010 um hagræn áhrif hinna skapandi greina** - Við hana hefur meðvitund aukist til muna um mikilvægi skapandi greina og viðurkenningu á rétti listamanna til verðskuldaðar þóknunar og virðingu vegna framlags þeirra til samfélagsins og er það þróuna sem skal fylgja eftir á öllum vígstöðum.

ÞRÚ BULL SEM STARFANDI LISTAMENN HEYRA REGLVLEGA:

- ÞETTA ER NÁTTLA BARA GÓÐ
AVGLÝSING FYRIR ÞIG.
- ÞÚ FÆRÐ AÐ GERA ÞAÐ SEM ÞÚ VILT.
- ÞETTA VERÐUR BARA GAMAN.



Hvaða reglum ber að fylgja við notkun?

Fjárhagslegur réttur:

- Alltaf skal ganga út frá því að **afla þurfi samþykkis höfundar eða Myndstefs**, nema annað komi skýrt fram. Þannig skal í vafatilvikum frá ráðleggingar frá Myndstefi **áður en** verk er notað.
- Einnig skal ganga út frá því að **greiða skuli þóknun fyrir afnotin**, þá háð tilgangi notkunar, tíma, fjölda og birtingarmiðli. Gjaldskrá Myndstefs er aðgengileg á heimasíðunni okkar, og er gott að nota hana til viðmiðunar, en hún hefur verið staðfest af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Ófjárhagslegur réttur:

- Einnig þarf að **gæta að reglum sæmdarréttar** og má því ekki breyta verki höfundar þannig að skert geti höfundarheiður eða sérkenni hans. Að auki þarf að geta nafns höfundar þar sem við á.

nafn verks ártal@nafn höfundar/Myndstef ártal útgáfu

Má í einhverjum tilvikum nota verk án þess að afla samþykkis höfundar?

Já, í sérsökum undantekningartilvikum – Takmarkanir á höfundarétti er að finna í II. kafla höfundalaga sem auðveldar notkun listaverka í tilvikum einkanota, tilvikum er þjóna almannahagsmunum, við fréttáflutning, í heimildarskyni, í upplýsingarskyni og til nota innan ákveðins hóps eða stofnunar.

Þetta eru undantekningar á höfundarétti höfundar og ber að skýra **þröngt**.

Ýmis tilvik notkunar á ljósmyndum á internetinu

Höfundaréttur gildir einnig í hinu stafræna umhverfi og breytir það ekki vernd höfundaréttar að verk séu birt eða miðluð á internetinu. Sjá heimasíðu Myndstef og gjaldskrá miðað við not, tíma osfrv.:

<http://www.myndstef.is/islenska/gjaldskra/internet>

1. Facebook

Facebook not einstaklinga á myndverkum fellur undir eintakagerð til einkanota, sbr. 11. gr. höfl. Hins vegar skiptir hér tilgangur nota máli umfram 11. gr. m enda 11. gr. undanþága og ber að skýra þröngt. Ef fyrirtæki er til dæmis notandi á facebook, eða er með svokallaða síðu, gildir meginregla höfundaréttar um einkarétt höfundar.

2. Heimasíður einstaklinga

Hér gildir í raun það sama og að ofan – ef heimasíðan ber þess brag að vera viðskiptalegs eðlis, fellur notkun utan 11. gr. um eintakagerð til einkanota og meginreglan um höfundarétt gildir. Hér skiptir líka máli að þó einstaklingur (ljósmyndari) birti myndir sín á heimasíðu sinni eða öðru vefsvæði, þýðir það ekki að notkun sé heimil öðrum.

3. Fréttaveitur

Hér gæti 15. gr. höfl átt við um notin, sem leyfir birtingu mynda í fréttáflutningi og við umfjöllun og dægurmál, ef samhengis er gætt við frásögnina.

Ýmis tilvik notkunar á ljósmyndum á internetinu

4. Myndabankar

Þegar verk er keypt úr myndabanka þarf að huga sérstaklega að því hver ber ábyrgð ef rétturinn er véfengdur. Huga þarf að skilmálum um að birtingaraðili, sem sagt myndabanki, ábyrgist að hann fari með réttar heimildir og sé heimil sala myndverkanna.

5. Ljósmyndun við tiltekið verk/verktaki – verktakasamningur

Hér þarf að huga að muni á launum vegna vinnuframlag, tækja, upphalds, ferðakostnaðar, og svo þóknunar vegna höfundaréttar.

6. Ljósmyndun fyrir útgefanda/miðil

Hér þarf að skoða hvernig vinnusamningur er, og einnig passa upp á sölu til 3. aðila eða í myndabanka. Sérstaklega þarf að huga að þeim mun sem kaupa á einkarétti eða afnotarétti er. Ef ljósmyndari er ráðinn sem verktaki, þarf að greiða sérstaklega fyrir vinnu, og sérstaklega fyrir höfundarétt, sbr það sem kemur fram hér að ofan.

7. Ljósmyndun fyrir aðra listamenn (ljósmyndun á öðru hugverki)

Hér þarf að skoða hvernig fari með notkun á milli höfunda, en einnig viðskiptavina. Er ljósmyndari ráðinn af til dæmis leikhópinum eða af leikhúsinu sjálfu? Hver á réttinn? – oftast er það stofnunin sem á réttinn, en þó ekki gefið.

Ýmis tilvik notkunar á ljósmyndum á internetinu

8. Ljósmyndun af fólki, hvort sem þjóðþekktu eða ekki

Hér þarf að skoða í hvaða tilgangi ljósmyndun fer fram og hver verða notin. Til dæmis þegar ljósmyndari Alþingis ljósmyndar starfsmenn, mega fjölmiðlar eða aðrir nota þær ljósmyndir í sínum frétt aflutningi?

9. Ljósmyndasamkeppni

Hér þarf að skoða skilmála sérstaklega vel og passa að hafa framsal ekki of víðtækt. Venjulega eru vinningar í boði fyrir þá tillögu/ljósmynd sem er valin, gegn notkun á vinningsverkinu. Þá verður að athuga vel hver þau not séu, og einnig að einungis vinningstillagan sé notuð, ekki aðrar innsendar tillögur, sbr. mál Hæstaréttar: Kjartan Pétur Sigurðsson gegn íslenska ríkinu ofl.

10. Ljósmyndun á viðburðum

Sbr. Til dæmis color run, Airwaves osfrv. Sama og að ofan. Hér getur framsal verið of víðtækt, sem gæti verið óheimilt. Einnig þarf að passa hér upp á sæmdarréttinn alveg sérstaklega vel.

11. Heildarsamningar við rétthafasamtök um not ljósmynda

Í ákveðnum tilvikum og sérstaklega við stórnotkun listaverka, er hægt að gera heildarsamning við Myndstef, sbr. til dæmis námsgagnstofnun,

Release form

▪ Alltaf þegar því verður við komið, skal gera **samning** um notin, þar sem eftirfarandi atriði skal tiltaka:

▪ Framsal á **einkarétti** vs. framsal á **afnotarétti**

▪ **Tími**

▪ **Svæði**

▪ Tiltaka nákvæm not og **miðla**: (internet? Prent? Söluvarning? Heimasíðu? Fleira?)

▪ Greiðslur og **uppgjör**

▪ *Tilbúið dæmi: Sæl Jóna. Ég leyfi sem sagt afnot af ljósmynd minni, Sól, til nota á heimasíðu fyrirtækisins Sólrir, og í plagat A3 stærð, upplag 100, til tveggja ára hér á Íslandi. Til greiðslu kemur 100.000 kr fyrir notin. Kv. Harpa*

Hvað gerist ef e-r notar verk í leyfisleysi eða/og jafnvel brýtur á sæmdarrétti?

Notanda ber að greiða þóknun og eftir atvikum skaðabætur fyrir ólögmæta notkun á verki eða ef brotið er á sæmdarrétti. Einnig ber notanda að hætta tafarlaust notkun og fjarlægja verkið af öllum dreifingarmiðlum sínum og annarra sem hafa dreift verkinu á ábyrgð notanda. Myndstef er heimilt að leggja allt að 100% álag á höfundaréttarpóknun vegna þessa.

Hvað er Myndstef og hvers vegna?

- **Myndstef eru lögformlega viðurkennd samtök sem annast hagsmunagæslu fyrir myndhöfunda.** Í því felst að myndstef beitir sér sérstaklega fyrir því að öllum ofangreindum reglum höfundaréttar sé fylgt, að hugverkum og höfundum þeirra sé sýnd virðing, að höfundar fái sanngjarna þóknun fyrir afnot verka sinna en einnig að notkun, birting, dreifing og kynning verði auðvelduð og skilmerkt fyrir notendur.
- **Myndstef starfar sem hagsmunarsamtök fyrir höfunda til að standa vörð um þennan mikilvæga afkomurétt þeirra,** en Myndstef leggur einnig mikla áherslu á flæði sköpunar, þekkingu og kunnáttu og vinnur að því að notkun, dreifing og birting verka verði auðvelduð fyrir notendum – á þann hátt að kröfum þess upplýsingasamfélags sem við lifum í sé fullnægt.

Hvaða þjónustu veitir Myndstef bæði til listamanna og notenda?

- **Notendur:** Hægt er að leita til Myndstefs beint til að fá upplýsingar hvort nota megi verk og hvort afla eigi samþykkis eða greiða þóknun. Þá getur notandi annað hvort samið sérstaklega við Myndstef varðandi notkunina eða greitt skv. gjaldskrá, staðfestri af Menntamálaráðuneytinu. Einnig býður Myndstef upp á ókeypis lögfræðiaðstoð til handa notendum myndverka og aðstoðar við öflun nýtingarheimilda eða annarra leyfa.
- **Myndhöfundar:** Aðilar að Myndstefi geta fengið Myndstef til að annast umsýslu réttinda sinna, veita leyfi og innheimta höfundaréttargreiðslur frá notendum. Einnig býður Myndstef upp á ókeypis lögfræðiaðstoð til handa myndhöfundum og veitir ráðgjöf varðandi brot á höfundarétti, fylgirétti og sæmdarétti eða ólögætta notkun. Þá aðstoðar Myndstef við gerð verksamninga, framleiðslu og annarra samninga eða mála sem fjalla um höfundarétt myndhöfunda.

Myndhöfundar – 7 atriði sem þarf að hafa í huga

1. Virða höfundarétt annarra listamanna
2. Merkja verk sín vandlega
3. Kynna og birta verk sín vel og á eigin forsendum
4. Auðvelda notkun með því að skýra vel frá við hvaða skilyrði megi nota verk og hvenær ekki
5. Fylgjast með notkun á verkum sínum
6. Fylgja eftir brotum
7. Tilkynna ólögmeða notkun eða önnur brot á höfundarétti til Myndstefs

Notendur – 7 atriði sem þarf að hafa í huga

1. Virða höfundarétt myndhöfunda
2. Gera ráð fyrir því að einhver höfundur eigi hugverkið
3. Finna þann höfund!
4. Afla samþykkis fyrir notkun annarra manna verka
5. Greiða fyrir afnotin
6. Gæta þessa að hvorki breyta né afbaka verk höfundar
7. Geta nafns höfundar



Kærar þakkir!

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir

lögfræðingur

Myndstef